

Ársskýrsla

Mannauðssjóður KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu – starfsmenn sveitarfélaga

Skipulag.

Ársskýrslan sem hér er birt er ætlað að gefa yfirlit yfir starfsemi Mannauðssjóðs KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu fyrir starfsárið 2012. Gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum ársins ásamt því að farið er yfir verkefni sem hafa verið styrkt til sveitarfélaga og stofnana sem og þeirra sem notfærðu sér einstaklingsstyrk með tilkomu sérstaka samninga við sjóðinn.

Í stjórn sjóðsins eru: Fulltrúar KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir og Guðbjörg Antonsdóttir, fulltrúar sveitarfélaganna Sólveig Gunnarsdóttir og Tryggvi Gunnarsson. Guðfinna Harðardóttir lét af störfum í sjóðsstjórninni og er henni þakkað samstarfið. Stjórn sjóðsins heldur fundi í janúar og september ár hvert og oftast ef þurfa þykir. Hún hélt þrjá fundi á starfsárinu.

Mannauðssjóður KJALAR stéttarfélags tók formlega til starfa 1. janúar 2007 og byggir á gr. 13.4.2. um starfsmenntunarsjóð í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga (LN) og KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Gerður var þjónustusamningur við skrifstofu KJALAR stéttarfélags árið 2008 um rekstur og umsjón með starfseminni og er hann ennþá í gildi. Sjóðurinn tók til starfa í maí 2009.

Hann sinnir markmiðum sínum á sviði símenntunar og mannauðs með því að veita styrki til:

- a) Sveitarfélaga, stofnana og vinnuveitenda sem greiða í sjóðinn.
- b) KJALAR stéttarfélags.
- c) Verkefna sem sjóðsstjórn skipuleggur eða á aðkomu að.

Á árinu 2012 voru samþykktir styrkir til eftirfarandi 20 verkefna:

Úthlutanir.

Kynnisferðir

Alls voru styrktar 13 náms- kynnisferðir.

Náms- og kynnisferð starfsmanna

Grunnskóla Borgarfjarðar til Glasgow 5.-10. júní 2012.

Leikskólans Uglukletts, Borgarbyggð, til Kaupmannahafnar 18.-22. apríl 2012.

Leikskólinn Hraunborg Borgarbyggð til New York 31. mars – 8. apríl 2012.

Starfsmanna leikskólans Krílakots, Dalvíkurbyggð til London 15.-20. maí 2012.

Starfsmanna handverksmiðstöðvarinnar Punkturinn til Riga í Lettlandi daganna 21.-26. maí 2012.

Glerárskóla vegna starfsmanns íþróttamiðstöðvar Glerárskóla til Verona, Ítalíu, 4.-11. júní 2012.

Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar vegna náms- og kynnisferðar til Eistlands 17.-23. ágúst

2012.

Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar vegna náms- og kynnisferðar til Eistlands 17.-23. ágúst 2012.

Starfsmanna Grunnskóla í Síðuskóla Akureyri til Boston 21. – 26. október 2012.

...og ráðstefna starfsmanna skóladeilda Akureyrarbæjar til Glasgow 19.-20. sept. 2012.

Starfsmanna Fasteigna Akureyrarbæjar til Þýskalands og Tékklands daganna 31. ágúst 7. september 2012.

Grunnskóli í Borgarnesi til Boston daganna 23. Til 24. nóvember 2012.

Hjúkrunarheimilið Hlíð á Akureyrir: Námsferð til Dublin 1. – 4. nóvember 2012

Kynnisferðir innanlands

Grunnskólin í Borgarnesi: skólaheimsókn til Akureyrar 22. og 23. nóvember 2012 í Brekkuskóla og Háskóla Akureyrar.

Fræðla.

Rósenborg Akureyrarbær sækir um styrk vegna starfsmannafræðslu. Haldið á haustönn 2012.

Sundlaug Akureyrar vegna skyndihjálpar námskeiða sem haldin voru fyrir starfsmenn sundlaugar Akureyrar og sundlaugina í Hrísey.

Akureyrarbær vegna námsleiðarinnar „Að vera hluti af heild“ haldið fyrir starfsmenn grunnskóla. Haldið 17. ágúst 2012.

Öldrunarheimili Akureyrar ýmis námskeið veturinn 2012-2013 skv. fræðsluáætlun sem unnin var í samstarfi við Símei.

Leikskólinn Krílakot á Dalvík: Námskeið – uppeldi til ábyrgðar.

Parfaggreining:

Amtbókasafnið á Akureyri – þarfagreining Markviss

Aðkoma Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hefur óskað eftir að aðildar að sjóðnum vegna starfsmanna Akraneskaupstaðar, Innheimtustofnunnar sveitarfélaga og Slökkviliðs höfðuborgarsvæðisins vegna ákvæðis í kjarasamningum félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga. Stjórn Mannauðssjóðs KJALAR tekur þeim fagnandi og verður gengið frá aðkomu þeirra nú um áramótin. Fulltrúi St.Rv. í sjóðstjórn verður Jakobína Þórðardóttir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga verða óbreyttir.

Tafla 1: Sýnir prósentu skiptingu á milli styrkveitinga árið 2012.

Tafla 2: Sýnir mun í þúsundum á styrkveitingum á milli árána 2010, 2011 og 2012.

Fjárhagur.

Rekstrartekjur fyrir árið 2012 voru kr. 5.578.606 en kr. 5.349.241 árið 2010 en alls voru greiddir út styrkir að upphæð kr. 5.121.260 á móti 2.600.325 fyrir árið 2010. Rekstargjöld

vegna stjórnar, umsýslu og endurskoðunar kr. 739.369. Tap sjóðsins, eftir að tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða, er kr. -12.125.

Lokaorð

Starfssemi er að færast mikið í vöxt og er það aðallega vegna breytinga á að umsóknir vegna kynnisferða. Verkefnið „ráðgjafi að láni“ hefur ekki náð eyrum stjórnenda sveitarfélaganna til ráðgjafa og þarfagreiningar nema hjá Akureyrarbæ en þar er starfandi starfsþróunarstjóri. Hvetjum sveitarfélög til að notfæra sér betur að fá „ráðgjafa að láni“ til að koma auga á hvað fræðslu þarf að auka á hverjum stað til að efla mannaúðinn og auka hagsæld þeirra.

14. febrúar 2013.

Arna Jakóbína Björnsdóttir, formaður stjórnar.